

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Selfossi, 22. júní 2018
Tilvisun: 18051224

Efni: Heimild til að meðhöndla eldislax með lúsalyfinu Alpha Max vet í Tálknafirði og Arnarfirði

Vísað er til tveggja umsókna Fish Vet Group, fyrir hönd Arnarlax hf., kt.: 580310-0600, dags. 28. maí 2018, þar sem óskað er eftir heimild til að meðhöndla eldislax gegn laxalús með lyfinu Alpha Max (Deltametrin). Annars vegar er farið fram á leyfi til að baða sjókvíalax við Laugardal í Tálknafirði og hins vegar við Steinanes í Arnarfirði. Í umsóknum er farið yfir stöðu eldisins á báðum staðsetningum og færð rök fyrir nauðsyn þess að lyfjameðhöndla laxinn.

Með vísan til laga nr. 60/2006 *um varnir gegn fisksjúkdómum* tók fisksjúkdómanefnd ofangreind erindi til faglegrar umfjöllunar á fundi sínum 31. maí s.l. í kjölfarið tilkynnti Matvælastofnun með bréfi 5. júní s.l. fyrirhugaða ákvörðun sína um að hafna ofangreindum umsóknum. Í sama bréfi var tilkynnt að áður en endanleg ákvörðun yrði tekin væri umsækjanda gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum til samræmis við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli skyldu berast skriflega eigi síðar en 19. júní 2018.

Andmæli Arnarlax hf. bárust með t-pósti 13. júní s.l., auk þess sem fyrirtækið óskaði eftir að fá að hitta fisksjúkdómanefnd og kynna henni gögn sem það bjó yfir og bauð að afhenda í kjölfarið. Fisksjúkdómanefnd varð við beiðni fyrirtækisins samdægurs. Að lokinni kynningu fyrirtækisins og svörum við spurningum einstakra nefndarmanna yfиргáfu fulltrúar Arnarlax hf. fundinn og fisksjúkdómanefnd tók málið til umfjöllunar. Ákveðið var að afla frekari upplýsinga um fjölda og greiningu laxalúsa í Laugardal í Tálknafirði og að dýralæknir fisksjúkdóma skyldi framkvæma eftirlit með næsu lúsatalningu auk þess að meta ástand fisksins m.t. til heilbrigðis og velferðar hans. Eftirlitið fór fram 19. júní s.l., í eftirlitsskýrslu stofnunarinnar dags. 20. júní s.l. kemur fram að dýralæknir fisksjúkdóma mælir með að fiskurinn í Tálknafirði verði lúsabaðaður, það verði best fyrir heilbrigði fisksins að losna við lúsalismið til að fyrirbyggja skaða. Einnig koma fram rök fyrir lúsaböðun í kvíum við Steinanes í Arnarfirði, en að fyrirtækið þurfi að leggja fram nánari rök og að þau verði að vera skrifleg. Greinargerð FishVet Group f.h. Arnarlax hf. barst Matvælastofnun 20. júní s.l.. Eftirlitsskýrslan og greinargerðin voru send fisksjúkdómanefnd samdægurs með t-pósti.

Fisksjúkdómanefnd fjallaði um framlögð gögn í t-póstum og varð niðurstaðan þessi:

Með vísan til nýrra upplýsinga sem lagðar hafa verið fram varðandi umsókn Arnarlax hf. um heimild til að lúsabaða eldislax í Tálknafirði og Arnarfirði telur fisksjúkdómanefnd rétt að endurskoða afstöðu sína sem samþykkt var á fundi nefndarinnar 31. maí s.l.. Upplýsingar þær sem vísað er til komu fram á fundi fiskskjúkdómanefndar þann 13. júní s.l. með fulltrúum Arnarlax hf. ásamt gögnum sem fyrirtækið afhenti, greinargerð FishVet Group, dags. 19.06.2018 og eftirlitsskýrslu Matvælastofnunar dags. 20.06.2018 í kjölfar eftirlits stofnunarinnar sem framkvæmt var í Laugardal í Tálknafirði 19.06.2018.

Fisksjúkdómanefnd veitir hér með jákvæða umsögn um umsókn Arnarlax hf., dags. 28. maí s.l. um heimild til að lúsabaða í kvíum í Laugardal í Tálknafirði annars vegar og í kvíum við Steinanes í Arnarfirði hins vegar.

Mikilvægt er að öll notkun lyfja sé með ábyrgum hætti, því er hvert og eitt tilvik kannað til hlítar. Það er mat Matvælastofnunar að heilbrigði fisksins í Tálknafirði sé í húfi og að rétt sé að aflúsa fiskinn við Steinanes þannig að fyrirhugaðar fyrirbyggjandi aðgerðir á þeirri eldisstöð og öðrum í Arnarfirði beri árangur þar og dragi úr líkum á þörf fyrir meðhöndlun með lyfjum síðar meir.

Með vísan til þess sem að framan er rakið, andmæla fyrirtækisins og framlagðra nýrra gagna heimilar Matvælastofnun hér með lúsaböðun með lyfinu Alpha Max vet. í kvíum í Laugardal í Tálknafirði annars vegar og í kvíum við Steinanes í Arnarfirði hins vegar, sbr. umsókn Arnarlax hf., dags. 28. maí s.l.

Virðingarfullst,
f.h. Matvælastofnunar

Sigurborg Daðadóttir
Yfirdýralæknir

